

REGLUR

um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga hvað varðar:

- a. Hlutfall óframkvæmdra tilboða miðað við viðskipti í því skyni að koma í veg fyrir ótilhlýðilegar viðskiptaaðstæður, skv. 85. gr. laganna.
- b. Tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum skv. 57., 83. og 93. gr. laganna.
- c. Ákvörðun um mikilvægi markaðar með tilliti til seljanleika í tengslum við tilkynningar um tímabundna stöðvun viðskipta skv. 83. og 93. gr. laganna.
- d. Kröfur um viðskiptavaktarsamninga og viðskiptavaktarkerfi, skv. 26. og 84. gr. laganna.

2. gr. *Tilvísanir.*

Bindandi skriflegur samningur: Tilvísanir í reglum þessum til bindandi skriflegs samnings eins og um getur í b-lið 3. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til skriflegs samnings skv. 2. tölulið 1. mgr. 26. gr. og 84. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Skylda til að mynda seljanleika: Tilvísanir í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/578 til skyldu verðbréfafyrirtækja að mynda seljanleika með reglubundnum og fyrirsjáanlegum hætti eins og mælt er fyrir um í a-lið 3. mgr. 17. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal skilja sem tilvísanir til 1. töluliðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

3. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 11. nóvember 2021, bls. 1-6, 12-15 og 41-46, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019, bls. 7-19, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/566 frá 18. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir hlutfall óframkvæmdra tilboða miðað við viðskipti í því skyni að koma í veg fyrir ótilhlýðilegar viðskiptaaðstæður.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/569 frá 24. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/570 frá 26. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða um mikilvægi markaðar með tilliti til seljanleika í tengslum við tilkynningar um tímabundna stöðvun viðskipta.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/578 frá 13. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina kröfurnar um viðskiptavaktarsamninga og viðskiptavaktarkerfi.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. mgr. 26. gr., 6. mgr. 57. gr., 5. mgr. 83. gr., 4. mgr. 84. gr., 3. mgr. 85. gr. og 9. mgr. 93. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, taka gildi þegar í stað.

Seðlabanka Íslands, 10. desember 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri.